

REGLUGERÐ

um holræsi í Suðurfjarðahreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er holræsakerfi kaптúnsins varða, svo sem: viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 300.00 árlega, af hverri íbúð og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húseignanna 4%.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 30%.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. sept. ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 2000.00, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.